

121. stjórnarfundur Nýheima þekkingarseturs
3. 2. 2021 kl. 8:15 – 9:45

Fjarfundur settur kl. 8:15

Fundarstjóri: Eyjólfur Guðmundsson

Ritari: Hugrún Harpa Reynisdóttir

Mætt: Kristín Hermannsdóttir, Eyjólfur Guðmundsson, Steinunn Hödd Harðardóttir, Vilhjálmur Magnússon, Eyrún Helga Ævarsdóttir, Ragnhildur Jónsdóttir, Hólmfríður Bryndís Prúðmarsdóttir, Gunnar Þór Jóhannesson, Sigurður Sigursveinsson, Bjarni Guðmundsson og Hugrún Harpa Reynisdóttir.

Nýr stjórnarmaður Háskóla Íslands

Eyjólfur bauð Gunnar Þór velkominn til starfa í stjórn Nýheima þekkingarseturs. Gunnar Þór tekur sæti Þorvarðar Árnasonar sem fulltrúi Háskóla Íslands. Gunnar sagði stuttlega frá helstu störfum sínum og hlutverki innan Háskóla Íslands.

Stefnumótun Háskólafélags Suðurlands. Erindi frá Háskólafélagi Suðurlands

Sigurður kynnti starfsemi Háskólafélagsins, fór yfir sögu félagsins, hlutverk þess og gildi. Félagið er einkahlutafélag í eigu allra sveitarfélaga á Suðurlandi að Vestmannaeyjum undanskildum. Þá sagði Sigurður frá helstu verkefnum sem unnið hefur verið að síðustu misserin í félaginu.

Menningarmiðstöðin: Blómlegt starf í breyttri mynd. Erindi frá Menningarmiðstöð Hornafjarðar

Eyrún Helga sagði frá starfsemi Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar. Hún greindi frá því að árið 2020 voru atvinnu- og ferðamál sameinuð Menningarmiðstöð Hornafjarðar og því er Menningarmiðstöðin orðin miðstöð menningar-, atvinnu- og ferðamála í sveitarfélaginu.

Miðstöðin hefur að undanfögnu sérstaklega beint sjónum sínum að breyttum tímum í miðlun menningararfsins þar sem áhersla hefur verið lögð á stafræna miðlun og hefur það fengið góðar viðtökur. Eyrún fór jafnframt yfir viðburði sem Menningarmiðstöðin hefur staðið fyrir undanfarið og innra starf stofnunarinnar.

Starfsáætlun 2021

Fyrir fundinn lá endurbætt starfsáætlun ársins 2021. Hugrún Harpa fór yfir helstu breytingar á skjalinu frá síðustu umfjöllun stjórnar. Umræður sköpuðust um einstaka liði í starfsáætlun, stjórn samþykkir fyrirlagða starfsáætlun fyrir árið 2021.

Ársfundur Nýheima þekkingarseturs

Tímasetning ársfundar til umræðu, stjórn er sammála um að halda hefðbundinni tímasetningu og stefna á ársfund í lok mars. Forstöðumanni falið að gera tillögu að nákvæmari tímasetningu.

Önnur mál

Eyjólfur vakti máls á umhverfismálum innan Nýheima og lagði til að stofnanir í húsinu vinni sameiginlega að umhverfismálum. Vatnajökulsþjóðgarður tekur þátt í Grænum skrefum ríkisstofnana og hefur í tengslum við það vakið máls á ýmsum umhverfistengdum málum við húseigendur Nýheima. Lagði Eyjólfur til að verkefnastjóri yrði fenginn til að leiða sameiginlega vinnu stofnananna.

Eyjólfur ræddi jafnframt hugmynd um að gera vikulanga tilraun sem fæli annars vegar í sér að loka öllum bílastæðum við húsið og hins vegar að starfsfólk og nemendur taki allt sorp með sér heim. Tilraunin er sérstaklega hugsuð sem leið til vitundarvakningar.

Eyjólfur og Huguín Harpa munu vinna áfram að málinu og koma með tillögu um aðgerðir á næsta fundi stjórnar.

Huguín Harpa sagði frá því að samningur setursins hefur verið framlengdur út árið 2021 með viðauka sem barst frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu í síðustu viku.

Huguín Harpa sagði frá því að Nýheimar þekkingarsetur sótti um styrk í atvinnu- og rannsóknasjóð Sveitarfélagsins Hornafjarðar fyrir rannsóknarverkefnið *Staða og líðan ungra karlmannna í landsbyggðarsamfélagi*. Þá er unnið að umsóknum í aðra innlenda sjóði fyrir verkefnið.

Fundi slitið klukkan 9:48

Eiríkur M. Guðmundsson

Huguín Harpa Reynisdóttir